

Starfsendurhæfing Vestfjarða



Ísafirði 23.05.2017

Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða

Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða verður haldinn miðvikudaginn 7. júní n.k. í Vinnuveri, húsnæði SEV að Suðurgötu 9, Ísafirði. Fundurinn hefst með léttum hádegisverði kl. 12:00 og síðan stuttu erindi.

Að þessu sinni munu Kristín B. Albertsdóttir forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Stella Hjaltadóttir náms- og starfsráðgjafi í Menntaskólanum á Ísafirði fjalla um þjónustu við ungt fólk og samvinnu milli stofnana í tengslum við hana.

Allir eru velkomnir í hádegisverðinn og til að hlusta á erindið.

Á eftir verða venjuleg ársfundarstörf. Rétt til fundarsetu á ársfundum hafa fulltrúar stofnfélaga Starfsendurhæfingar Vestfjarða.

Dagskrá ársfundarins er eftirfarandi:

1. Skýrsla formanns.
2. Skýrsla forstöðumanns.
3. Ársreikningur liðins árs kynntur og lagður fram til samþykktar.
4. Kosning til stjórnar sbr. 4. gr.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku til Hörpu Lindar á netfangið harpa@sev.is fyrir föstudaginn 2. júní.

Með kveðju

F.h. Starfsendurhæfingar Vestfjarða

Harpa Lind Kristjánsdóttir

Forstöðumaður SEV